

Náttúrufræðistofnun Íslands
Urriðaholtsstræti 6-8, 210 Garðabær
sent til Rannveigar Önnu Guicharnaud, rannveiga@ni.is
Verkefnisstjóra með vöktunarverkefni

Neskaupstaður 1. október 2021

Efni: Framgangur vöktunar náttúruverndarsvæða á Austurlandi sumarið 2021

Inngangur

Sumarið 2021 sinnti Náttúrustofa Austurlands (NA) vöktun á sex svæðum á Austurlandi og gerði forkönnun á fjórum. Í fyrra voru svæðin sjö á Austurlandi en Hengifoss var ekki heimsóttur aftur í sumar fyrir frekari ástandsúttekt í takt við mat Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ).

Svæðin sem voru heimsótt í sumar voru Fólkvangur Neskaupstaðar, Hólmanes friðland og fólkvangur, Hvannalindir, Stóruð, Stuðlagil og Laugarvalladalur. Auk þess var bætt við forkönnun á fjórum svæðum sem eru fjölsótt, vel afmörkuð og í alfaraleið og því var auðvelt að koma við einföldu ástandmati þar. Svæðin eru Fardagafoss við Egilsstaði, Ysti-Rjúkandi á Jökuldal, Teigarhorn við Djúpavog og Helgustaðanáma í Eskifirði.

Ekki var talin ástæða til að meta aftur sömu gönguleiðir í ár þar sem ástand þeirra var metið nokkuð ítarlega á síðasta ári. Þar af leiðandi voru teknar fyrir aðrar gönguleiðir í gönguleiðakerfum svæðanna og gögnum safnað um ástand stíga, hentistíga, skemmdir og helstu álagssvæði. Einnig voru settir út gróðurreitir í Stuðlagili og Hvannalindum, úttekt gerð á jarðhitavistgerðum í Laugarvalladal og varpárangur gæsa metinn í Stuðlagili.

Hér er einungis stiklað á stóru um framgang vöktunarsumarsins 2021 á Austurlandi. Ítarlegri skýrsla með helstu niðurstöðum úr úttekt sumarsins mun liggja fyrir í árslok.

Vettvangsathugun

Fólkvangur Neskaupstaðar

Verklýsing

Úttekt á gönguleiðum sem ekki voru teknar út sumarið 2020. Úttekt göngustíga með kortlagningu skemmda á göngustígum.

Vettvangsathugun

Haldið var af stað þann 6. ágúst út í Fólkvang Neskaupstaðar í ástandsúttekt á gönguleið sem ekki var tekin út síðasta sumar. Gönguleiðin, kölluð efri leiðin, liggur frá útsýnisskífunni og upp að vörðu. Punktmælingar voru framkvæmdar á leiðinni að vörðunni, þar sem gengið var í fyrirfram ákveðin hnit og ástand göngustígsins skrásett. Á leiðinni tilbaka að útsýnisskífunni aftur voru skemmdir kortlagðar og framandi og ágengar plöntutegundir skráðar. Eyðublöð A2a, A2b og A4 voru fyllt út við ástandsúttektina.

Þessi göngustígur er greinilega mjög fáfarinn og þar sem hann liggur í gegnum graslendi sést nánast ekki marka fyrir honum (1. mynd t.v.). Stígurinn liggur þó að mestu í gegnum mólendi og

smá votlendi. Mjög lítil úrkoma var í júlí og því voru flest votlendissvæði skraufapurr. Þau gætu hins vegar verið áhyggjuefni í „venjulegu“ tíðarfari og orðið til þess að drulla myndist í stígunum ef umgangur verður meiri. Þrátt fyrir eindæma þurkatið sumarið 2021 var samt sem áður drulla á göngustígunum þar sem hann fer yfir lítinn læk á tveimur stöðum. Verst lítur svæðið út í kringum útsýnisskífuna og liggja þar margir óþarfir hliðarstígar. Þær skemmdir voru kortlagðar síðasta sumar.



1. mynd. Þar sem gönguleiðin liggur í gegnum graslendi sést ekki marka fyrir stígunum (t.v.). Á myndinni til hægri sjást skemmdir á göngustígunum þar sem hann fer yfir læk.

Mikilvægt er að sporna við ágangi lúpínu. Á tveimur stöðum liggur gönguleiðin í gegnum stórar lúpínubreiður og á víð og dreif er hún í klettunum fyrir neðan göngustíginn.

Hólmanes

Verklýsing

Úttekt á gönguleiðum sem ekki voru teknar út sumarið 2020. Úttekt göngustíga með kortlagningu skemmda á göngustígum. Ljósmyndir með flygildum.

Vettvangsathugun

Úttekt á ástandi tveggja gönguleiða sem ekki voru metnar sumarið 2020 fór fram þann 8. júlí í Hólmanesi. Gerðar voru punktmælingar á báðum gönguleiðunum þar sem var gengið í fyrirfram ákveðin hnit, skemmdir voru kortlagðar ásamt því sem framandi plöntutegundir voru skráðar. Eyðublöð A2a, A2b og A4 voru fyllt út við ástandsúttektina.



2. mynd. Yfirlitskort af Hólmanesi. Ástandsmat var unnið á gulu gönguleiðunum í sumar. Rauðu gönguleiðirnar voru teknar út sumarið 2020.

Fyrst var „syðri“ gönguleiðin tekin út (2. mynd) sem liggur um Urðarhvammi út fyrir Hrútatanga. Sú gönguleið var ekki stikuð og skiptist fljótlega upp í tvær leiðir, efri og neðri, sem báðar voru mjög greinilegar. Ákveðið var að kortleggja ástand á efri leiðinni sem álitin var aðalleiðin. Hins vegar fjarar hún út á miðri leið og þar var neðri leiðin orðin greinilegri. Þar af leiðandi voru punktmælingar færðar á neðri stíginn sem hélt áfram í austurátt og því gerðar mælingar á helming af efri og helming af neðri gönguleiðinni. Neðri gönguleiðin liggur í gegnum mjög blautt svæði og skiptist upp í fleiri stíga á mörgum stöðum. Víða voru tveir mjög greinilegir stígar hlið við hlið og oft mjög erfitt að átta sig á því hver aðalstígurinn er. Hér voru mikið af skemmdum skráðar.

Síðan var „nyrðri“ gönguleiðin tekin út sem liggur í átt að Skeleyri norðan Innri-Hólmaborgar og austan Ytri-Hólmaborgar (sjá 2. mynd). Sú gönguleið er stikuð en virðist vera frekar fáfarin. Lúpína ógnar gönguleiðinni og á einum stað liggur göngustígurinn í gegnum stóra lúpínubreiðu (3. mynd t.h.). Engar skemmdir voru skráðar á þessari gönguleið aðrar en að skráð var niður að hér og þar væri stígurinn dýpri en 10 cm.

Engar ljósmyndir með flygildum voru teknar í sumar.



3. mynd. Nyrðri gönguleiðin ristir víðast ekki í gegnum gróðurþekjuna. Lúpinan er hins vegar farin að ógna gönguleiðinni og á myndinni t.h. má sjá hvernig gönguleiðin liggur í gegnum stóra lúpínubreiðu. Á myndinni miðri sést í stiku með rauðum toppi.

Hvannalindir



Verklýsing

Kortleggja nánar gróðurálag við rústasvæði sem ekki var gert 2020. Ljósmyndir með flygildum.

Vettvangsathugun

Úttekt fór fram seinni part dags þann 16. ágúst 2021.

Skemmdir við rústasvæðið voru metnar og bættist einungis ein skemmd við milli ára. Það var hentistígur sem liggur suður með Lindaánni tæpa 600 m. Sá göngustígur var trakkaður með GPS og færður inná eyðublað A2c. Gróðurálag við rústasvæðið var kortlagt og gróðurrammar settir út. Mæld voru tvö gróðursnið og eyðublað A1a og A1b fyllt út. Ljósmyndir með flygildi voru teknar yfir rústasvæðið.



4. mynd. Staðsetning gróðursniða í Hvannalindum.

Stuðlagil

Verklýsing

Gróðurmælingar - Svæði er afmarkað gróflega, vistgerðakort NÍ sannreynt, myndir teknar, hnitsetning, gróðurrammar settir niður og gróðurþekja og álagssvæði metin.

Gæsir - Fjöldi varppara metinn með beinni talningu á útsýnisstöðum eða út frá ljósmyndum. Gengið skipulega um svæði og skráð niður öll hreiður með GPS tæki samkvæmt aðferðafræði vöktunar náttúruverndarsvæða.

Ljósmyndir með flygildum.

Vettvangsathugun

Fyrri ferð í Stuðlagil var farin þann 10. ágúst og var hafist handa við að meta skemmdir á göngustígum og kortleggja þær, bæði Klaustursels- og Grundarmegin. Eyðublað A2b var fyllt út og hentistígar trakkaðir með GPS. Klausturselsmegin hefur verið lagt rúnnað árset í göngustíginn, frá bílaplaninu við Stuðlafoss og áleiðis að Stuðlagili, og búið er að girða meðfram göngustígnum svo að fólk gangi síður inná túninu. Því miður þá er efnið sem borið var í göngustíginn mjög gróft og mjög rúnnað svo erfitt er að fóta sig á stígnum og kys fólk frekar að ganga á túninu eða við hlið göngustígsins (5. mynd). Einungis er búið að leggja efni í hluta af göngustígnum og hefur ekkert verið gert á svæðinu síðasta spölinn við sjálft gilið. Þar eru margir stígar og stór útröðkuð svæði.



5. mynd. Ferðamenn kjósa heldur að ganga við hlið lagða göngustígsins þar sem erfitt er að fóta sig á rúnnaðu og grófu efninu (t.v.). Grundarmegin er búið að ljúka byggingu stiga og útsýnispalls niður að giliinu. Hinu megin við gilið má sjá hversu stórt svæði er útraðkað Klausturselsmegin (t.h.).

Grundarmegin er búið að ljúka við gerð stiga og útsýnispalls niður að gilbrúninni (5. mynd). Það var „efri leið“ sem lá norðar og gat fólk gengið þar niður í gilið. Sem betur fer er búið að loka þeirri gönguleið enda stórhættuleg þar sem lítið sem ekkert efni er eftir í göngustígnum. Auðvitað eru alltaf einhverjir svartir sauðir sem láta sér ekki nægja að ganga einungis niður á útsýnispallinn heldur klifra yfir handriðið. Því er töluvert traðk í kringum útsýnispallinn sjálfan og skemmdir skráðar þar. Ákjósanlegt er því að vera með endurtekna myndvöktun við útsýnispallinn til að fylgjast með skemmdum á gróðurfari.

Seinni ferð í Stuðlagil var farin 20. ágúst. Markmið þeirrar ferðar var að leggja út tvö gróðursnið. Fyrri sniðið liggur við enda gönguleiðarinnar og fer úr mikið röskuðu svæði í minna raskað. Seinna sniðið liggur þar sem fólk klöngrast aðallega niður í gilið og var töluvert flóknara að leggja það út. Það fer úr mikið röskuðu í lítið raskað og aftur í mikið raskað og að lokum aftur í lítið raskað. Er það vegna þess að margir göngustígar (hliðarstígar) liggja í gegnum svæðið og verður því áhugavert að sjá hvort að þeir blettir sem eru óraskaðir inná milli komi til með að breytast milli ára (6. mynd). Eyðublöð A1a og A1b voru fyllt út. Engir gróðurreitir voru lagðir út Grundarmegin.



6. mynd. Seinna gróðursniðið sem var lagt út. Hliðarstígar liggja í gegnum sniðið og fer það úr mikið röskuðu í lítið raskað og síðan aftur í mikið raskað vegna þessa (t.v.). Á myndunum til hægri má sjá mikið raskaðan gróðurreit og síðan óraskaðan gróðurreit sem liggur inná milli mikið raskaðs svæðis.

Engar myndir voru teknar með flygildum og er mikilvægt að sá verkþáttur náist næsta sumar til að hægt sé að kortleggja skemmdirnar almennilega. Svæðið er mjög illa farið vegna ágangs ferðamanna og var greinilegt að ástandið fer versnandi milli ára þar sem ekkert hefur verið gert fyrir svæðið. Engar endurteknar ljósmyndir voru endurgerðar í Stuðlagili þetta sumarið og er einnig brýnt að sá verkþáttur gleymist ekki að ári.

Tvær ferðir voru farnar til að leggja mat á fjölda varppara heiðagæsa meðfram bökkum Jökulsár á Dal. Fyrri ferð til að athuga með þéttleika varpsins var farin þann 3. júní. Seinni ferð var farin 7. júlí til að meta klakarángur varpsins með því að skoða ummerki um klak í völdum hreiðurskálum. Eyðublað 3c – gæsir og álftir var fyllt út. Engar athuganir voru gerðar á mófuglum í ár í takt við ákvörðun Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Stóruurð

Verklýsing

Úttekt á gönguleiðum sem ekki voru teknar út sumarið 2020 og kortlagning skemmda á göngustígnum. Ljósmyndir með flygildum.

Vettvangsathugun

Þann 30. ágúst var gerð úttekt á gönguleiðinni Njarðvíkurmegin sem ekki var tekin út sumarið 2020. Punktar voru staðsettir fyrirfram af handahófi eftir gönguleiðinni þar sem ástand var skrásett. Á vettvangi var leitast við að ganga í þessi fyrirfram ákveðnu hnit og skrásetja ástand stígs. Eyðublað A2a var fyllt út á leiðinni í Stóruurð. Sama gönguleið var gengin tilbaka og voru þá skráðar skemmdir á göngustígnum og eyðublað A2b fyllt út. Töluvert var af skemmdum á gönguleiðinni og voru það helst hliðarstígar sem voru skráðir niður.

Endurteknar ljósmyndir voru teknar á göngustígnum sem liggja í kringum urðina (7. mynd). Engar myndir voru teknar með flygildum og er mikilvægt að sá verkþáttur sé unninn að ári. Töluvert er um skemmdir við urðina sjálfa sem þarf að kortleggja betur á almennilega loftmynd.



7. mynd. Endurtekin myndvöktun. T.v. mynd frá 2020 t.h. mynd frá 2021.

Laugarvalladalur

Verklýsing

Úttekt á gönguleiðum með kortlagningu skemmda á göngustígum. Kortleggja og meta útbreiðslu jarðhitavistgerða einkum þar sem ágangur ferðamanna er mikill. Ljósmyndir með flygildum.

Vettvangsathugun

Þann 16. ágúst voru jarðhitavistgerðir kortlagðar til að meta útbreiðslu þeirra, einkum þar sem ágangur ferðamanna er mikill. Stuðst var við fyrri kortlagningu NÍ og fengust gögn frá Olgu Kolbrúnu Vilmundardóttur á formi fláka, tegundalista og ljósmynda frá árinu 2013 (8. mynd). Tvö svæði voru kortlögð sem mýrahveravist árið 2013 af NÍ. Annars vegar meðfram læknum norðaustan við bæjarrústirnar og hins vegar suðaustan við bæjarrústirnar, rétt við Reykjará.



8. mynd. Staðsetning jarðhitavistgerða í Laugarvalladal. Bæjarrústirnar eru merktar með svörtum kassa. Annars vegar liggur jarðhitasvæði norðaustan við bæjarrústirnar og hins vegar suðaustan við rústirnar. Ath. myndin er gömul og búið er að færa bílastæðið sunnar og ekki ætlast til þess að bílar keyri alla leið að rústunum lengur. Gögn frá NÍ.

Jarðhitasvæðið sem verður fyrir mestum ágangi og skemmdum er svæðið sem liggur norðan við bæjarrústirnar og er greinilegt að fólk gengur þar niður með ánni að skiptiaðstöðunni. Jarðhita gætir ca. 1 m sitthvoru megin við lækinn, stundum á stærri svæðum, og var mælt hitastig á bilinu 15-40°. Jarðhitavistgerðin þar er mýrahveravist sem er mosarík og fjölbreytt með lágvöxnum bitnum (sauðfé/gæsir) gróðri. Alls voru 55 plöntutegundir skráðar þar ásamt því sem ríkjandi tegundir voru metnar.

Svæðið suðaustan við bæjarrústirnar liggur frekar langt frá því svæði sem að fólk heldur sig og því var lítið um ummerki eftir manninn. Mesta traðkið þar virtist vera eftir sauðkindina. Svæðið flokkast einnig sem mýrahveravist og er gróðurfar allt frá illa grónum mel að mosaríku blautu landi. Alls voru 22 tegundir skráðar á svæðinu og ríkjandi tegundir einnig metnar.

Kortlagning skemmda á göngustígum var skráð og endurteknar ljósmyndir teknar af skemmdum sem skráðar voru sumarið 2020. Teknar voru ljósmyndir með flygildum sumarið 2020 og því var ekki talin þörf á að taka slíkar myndir aftur í ár.



9. mynd. Á myndinni t.v. er jarðhitasvæðið sem liggur norðaustan við bæjarrústirnar. Þar er töluvert traðk meðfram ánni. Myndin t.h. er af jarðhitasvæðinu sem liggur suðaustan við rústirnar. Í fjarska má sjá mælingamann mæla jarðhita og í vinstra horninu sést rétt glitta í skiptiaðstöðuna.

Fardagafoss, Ysti-Rjúkandi, Teigarhorn og Helgustaðanáma

Verklýsing

Forkönnun til þess að meta ástand viðkomandi svæðis og hvort ástæða sé til að hefja þar vöktun.

Vettvangathugun

Tilgangurinn var að fá gróft mat á ástandinu, velja myndvöktunarpunkta sem hægt væri að ljósmynda endurtekið og meta þörfina á ítarlegri úttekt/vöktun svæðisins. Lagt var upp með að gera forkönnun á svæðunum samhliða úttekt á öðrum svæðum, þ.e. ekki var farin sér ferð eingöngu í forkönnun.

Fardagafoss

Forkönnun var unnin við Fardagafoss þann 20. september. Gengið var frá bílplaninu, meðfram gilinu og upp að fossinum. Hægt er að ganga alla leið upp að fossinum og komast á bak við hann. Efni hefur verið lagt í göngustíginn en er hann víða orðinn sjúskaður og mætti bera efni aftur í hann. Fyrsti hluti gönguleiðarinnar liggur í gegnum birkikjarr en síðan að mestu um mólendi. Til að komast alla leið að fossinum þarf að ganga frekar brattan stíg ofan í gilið. Tröppur hafa verið lagðar í mesta brattan og keðja fest í klettana sem hægt er að nýta fyrir frekari stuðning (10. mynd). Án þess væri nánast ógerlegt að komast alveg að fossinum. Tröppurnar eru þó orðnar vel lúnar margar hverjar og sumar lausar og óstöðugar. Til að komast á bak við fossinn þarf að klöngrast yfir blauta steina og því ekki á færi allra.

Meðfram göngustígnum er töluvert af hliðarstígum sem liggja allir að gilinu (10. mynd) og jafnvel langa leið upp með gilinu. Á leiðinni upp að fossinum voru skráðir niður fjórir staðir þar sem fannst lúpína. Ákveðið var að rífa hana upp á leiðinni tilbaka fyrst ekki var um meira magn að ræða. Greinilegt var að aðrir hafa líka verið að uppræta lúpínuna á þessum slóðum, sem var mikið

fagnaðarefni. Töluvert meira magn var af lúpínu neðarlega við stíginn og við bílaplanið. Þá sást hún gjarnan innan um birki og á víð og dreif á röskuðum svæðum meðfram göngustígnum neðarlega. Því er mikilvægt að farið sé markvisst í að uppræta lúpínuna sem fyrst þar sem hún virðist ennþá vera viðráðanleg. Mikil synd væri að sjá hana breiða úr sér yfir allt gilið og í mólendið.



10. mynd. T.v. Tröppurnar sem liggja niður í gilið og keðjan sem hægt er að nýta til frekari stuðnings þegar gengið er niður í gilið til að komast alla leið að fossinum. T.h. Hliðarstígur sem liggur upp með gilin.

Ysti Rjúkandi

Á leið í fyrri ferð í Stuðlagil þann 10. ágúst var unnin forkönnun við Ysta Rjúkanda. Göngustígurinn er breiður og fín og greinilegt að ekki er langt síðan að efni var borið í stíginn. Töluvert var af hentistígum út frá göngustígnum en erfitt er að segja til um hvort það séu gamlir stígar sem eru lítið notaðir í dag eftir að göngustígurinn var lagður eða hvort þetta sé raunverulega vandamál. Æskilegt væri að merkja þessa stíga sem lokaða og benda á viðkvæma náttúru með litlum táknmyndum sem nú má sjá víða á ferðamannastöðum. Skráður var myndvöktunarpunktur við fyrri útsýnispall og hlið sem auðvelt er að endurtaka, en töluvert traðk var að sjá í kringum báða útsýnispallana. Við enda lagða göngustígsins liggur stikuð gönguleið (11. mynd). Hún var ekki gengin, en full ástæða til að kortleggja hana nánar þó flestir virðist láta sér nægja að ganga upp að fossinum eftir lagða stígnum. Á vef Ferðafélags Fljótssdalshéraðs kemur fram að um það bil 35.000-40.000 manns skoða fossinn árlega. Helstu athuganir við forkönnun voru skemmdir vegna hentistíga.



11. mynd. T.v. má sjá hvar stikaða leiðin hefst við enda lögðu gönguleiðarinnar. T.h. er úttraðkað svæði við neðri útsýnispallinn.

Helgustaðanáma

Forkönnun var gerð í Helgustaðanámu áður en farið var í úttekt í Hólmanesi þann 8. júlí. Gengið var frá bílastæðinu og fyrst upp að jarðgöngunum eða neðri námunni. Sá göngustígur lítur vel út og hefur efni verið borið í hann, það er ekki nema á einum stað þegar gengið er upp að greinilegt úrrennsli er úr stígnum. Til að komast að neðri námunni er beygt út af aðalstígnum og göngustíg fylgt stutta spöl að gangamunnannum. Við gangamunnann má hins vegar sjá hentistíga þar sem fólk er að styttu sér leið til að komast að efri námunni. Þeir hentistígar eru brattir og efnið í stígnum mjög laust í sér svo auðvelt er að skrika fótur. Það virðist ekki stoppa ferðamenn sem heimsækja svæðið og virðist sem þeir kjósi frekar að ganga þar upp en að ganga tilbaka á lagða stígin og síðan áfram upp að efri námunni. Við efri námuna má sjá töluvert af hentistígum sem liggja upp á námubrúnina. Í kringum myllu rústirnar er einnig töluvert traðk á gróðri sem er líklega óhjákvæmilegt enda vill fólk skoða þær. Búið er að girða svæðið af þar sem fólk var greinilega að styttu sér leið niður skriðuna og að neðri námunni. Sá hentistígur virtist vera að jafna sig og ekkert svo greinilegur, a.m.k. svona snemmsumars. Austan megin í efri námunni mátti greina hentistíg sem lá upp að litlum silfurbergs æðum sem greinilega var búið að kroppa í. Myndvöktunarpunktar voru skráðir á fjórum stöðum. Helstu viðfangsefni forkönnunar var brottnám eða rask á silfurbergi og hentistígur.



12. mynd. T.v. sést hentistígur við gangamunnann þar sem fólk styttir sér leið til að komast að efri námunni. T.h. eru myllurústirnar við efri námuna.

Teigarhorn

Keyrt var í Berufjörð að Teigarhorni eftir vettvangsvinnu í Helgustaðarnámu og í Hólmanesi þann 8. júlí. Hittum landvörð við komuna sem gekk með okkur um svæðið og benti á helstu staði sem verða fyrir ágangi ferðamanna. Hann er duglegur að taka ljósmyndir á svæðinu og á eitthvað af GPS hnitum sem hann getur látið okkur fá, óskum við eftir því. Þá sendi hann okkur einnig skýrslur undanfarinna ára sem landverðir hafa unnið um svæðið.

Almennt lítur svæðið mjög vel út. Aðal göngustígarnir eru víðast hvar mjög breiðir og búið að bera vel af mól í stígana þannig lítið sem ekkert traðk er að sjá utan stíga. Greinileg uppbygging hefur átt sér stað á svæðinu og benti landvörður okkur á svæði sem höfðu verið úttröðkuð en búið var að laga t.d. með því að leggja einfaldar tröppur niður í fjöruna. Þá var okkur bent á þrjá staði þar sem helsta hættan er á stuldi eða skemmdum á steindum. Tvö þeirra liggja nærri alfaraleið ferðafólks, en einn þeirra er frekar afskekktur og þarf að ganga niður bratta skriðu til að komast að fallettri opnu í sjávarhömrinum þar sem sjá má allskonar steindir. Þetta er svæði sem er frekar ólíklegt að hinn almenni ferðamaður sé mikið að villast inná.

Landvörður talaði einnig um að áætlanir væru um að bæta við göngustíg í kringum Langaklett og að fornleifunum sem finnast þar ásamt því sem nýta á gömul fjárhús í klósettaðstöðu og mögulega steindasafn og sýningarsal. Einhverjar breytingar eru því í kortunum á svæðinu. Þá talaði hann um að á mjög góðum sumardeggi væru í mesta lagi 100 manns að heimsækja svæðið.

Náttúruvættið teygir sig upp með Búlandsánni og liggur beggja vegna við ána, en fólkvangurinn teygir sig inn allan Búlandsdalinn og upp á hæstu tinda. Vegslóði liggur inn Búlandsdalinn að upphafsstað gönguleiða m.a. á Búlandstind. Þessar leiðir eru mjög fáfarnar og fáir sem vita af þeim. Samkvæmt upplýsingum landvarðar eru líklega ekki mikið fleiri en 40 manns sem heimsækja þennan hluta svæðisins á ári auk örfárra veiðimanna. Því var ákveðið að óþarft væri að vinna forkönnun á þessum hluta fólkvangsins. Líklegt er að búseta landvarðar inná svæðinu og dagleg viðvera sé ástæða fyrir góðu ástandi á svæðinu, enda virtist fátt framhjá honum fara.



13. mynd. Einn af þremur stöðum þar sem mesta hættan er á stuldi eða skemmdum steinda.